

MENNING LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 2. NÓVEMBER 1991

BLAÐ **B**

Gunnar Örn opnar sýningu á málverkum á Kjarvalsstöðum og segist sitja klofvega á íslenskri hefð



Pokan liggur á fjallinu, 1990. Ólía á striga, 110x150 sm.

Gunnar Örn listmálari hefur síðustu fimm árin verið búsettur austur í Rangárvallasýslu; þar hefur hann, ásamt eiginkonu og dóttur, búið vel um sig á jörðinni Kambi, innréttað sér rúmgóða vinnustofu, og unir þar sæll í náttúrunni. Og síðustu árin hefur málverk Gunnars Arnar tekið miklum breytingum; maðurinn hefur verið að færast inn í landið, landið hefur orðið æ meira áberandi, ákveðin kennileiti í landslaginu kveikja myndir, og Gunnar Örn er farinn að mála úti.

DÝRKA

TILFINNINGUNA Í MÁLVERKINU